

Tilm. 4/2020/holdbart D 2020

Fyrri skjalsnúmer A 1763/holdbart
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Norræna sjálfbærninefndin um
rannsókn á súrnun sjávar (tilmæli 4/2020)

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svar við tilmælum 4/2020 um rannsókn á súrnun sjávar og bíði átekta eftir pólitísku samráði.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að eiga frumkvæði að því að efla norrænt samstarf um að varpa ljósi á súrnun hafsins og vistkerfa þess og hugsanlegar afleiðingar súrnunarinnar á lífskjör íbúa strandbyggða á Norðurlöndum, og að fé verði ráðstafað í fjárhagsáætlunum í þessu skyni;

að láta vinna markvissa aðgerðaáætlun til langs tíma vegna súrnunar hafsins, sem styðji við samfellda öflun þekkingar um líffræðilegar, vistfræðilegar og félags- og efnahagslegar afleiðingar súrnunar hafsins, ásamt tillögum vegna aðlögunar sjávarútvegsins og forvarna gegn afleiðingum súrnunar sjávar fyrir afkomu sjávarútvegs og nærsamfélaga.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar**Almennt**

Norræna ráðherranefndin og norrænu ríkisstjórnirnar eru sammála um að súrnun sjávar sé brýnt mál sem krefjist athygli. Þetta endurspeglast einnig í ráðherraýfirlýsingu um hafið og loftslagsmál frá árinu 2019 þar sem minnst er á samstarf vegna súrnunar sjávar. Þá er líffræðileg fjölbreytni og sjálfbær nýting lands og sjávar á Norðurlöndum eitt af tólf meginmarkmiðum framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um „Framtíðarsýn okkar fyrir 2030“ til næstu fjögurra ára. Starfið byggist á margra ára viðleitni á þessu sviði.

Um fyrri tillögulið

Norræna ráðherranefndin getur þess að ýmislegt hafi verið gert á undanförunum árum til að auka norrænt samstarf vegna súrnunar sjávar. Á árunum 2014–2017 studdi



starfshópur Norrænu ráðherranefndarinnar um hafið og strandsvæði rannsóknaverkefnið „*Súrnun sjávar í norðurhöfum – áhrif á vistkerfi sjávar og félagshagfræðilegar afleiðingar*“, en verkefnið var framlag til ráðstefnu CAFF, nefndar Norðurskautsráðsins um líffræðilega fjölbreytni á norðurslóðum, sem fram fór í október 2018. Þá má nefna verkefnið „*TRend Indicators of ACIDification in marine waters (TRIACID) – Þróunarvísar um súrnun vistkerfis sjávar*“ sem unnið var á árunum 2016–2018. TRIACID-verkefnið greindi breytingar á sýrustigi á tveggja til þriggja áratuga tímabili og þróaði vísa til mælingar á súrnun norðurhafa. Á árunum 2019–2020 fór fram verkefnið „*OMAI - Rekstrarvísar um súrnun sjávar*“ en það var liður í gerð hermilíkans sem sýnir breytingar á hlutþrýstingi kolefnis (pCO₂). Samin hafa verið drög að grein um áhrif súrnunar á líffræðilega fjölbreytni, loftslagsbreytingar og ofauðguð svæði. Verkefnið mun leggja tillögur fyrir HELCOM (samninginn um verndun Eystrasaltsins) um innleiðingu súrnunarvísa og er stefnuyfirlit nú í vinnslu. Í ráðherryfirlýsingunni um haf og loftslagsmál frá árinu 2019 leggja ráðherrarnir áherslu á mikilvægi norræns samstarfs enda er súrnun sjávar dæmigert norrænt samstarfssvið.

Hjá ráðherranefndinni um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur sjávarútvegssamstarfið fjallað um breytingar á vistkerfum, einkum fiskistofnum og hvernig breyta má stjórnun hafsins til að hámarka auðlindanýtnina. Norrænt samstarf um fiskveiðar snýst einnig um afleiðingarnar og þörf á stjórnun.

Um seinni tillögulið

Varðandi tillögu um að vinna aðgerðaáætlun til langs tíma þá er þetta meðal annars gert með því að fylgja eftir ráðherryfirlýsingunni um hafið og loftslagsmál frá árinu 2019 en einnig innan ramma vinnunnar við Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030. Í Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 koma ráðherrarnir sér saman um tólf markmið en fimm þeirra snerta „*Græn Norðurlönd*“. Annað markmið af fimm, „*að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu sjávar og náttúru á Norðurlöndum*“, á sérlega vel við tilmælin. Í framkvæmdaáætlun tímabilsins 2021–2024 eru ráðgerðar aðgerðir tengdar hafstjórnun og sjálfbæru sjávarhagkerfi, meðal annars í samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál en einnig í samstarfi um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (FJLS). Þar á meðal eru aðgerðir til eflingar norrænum þekkingargrunni um hafstjórnun sem er aðlöguð loftslagsbreytingum, þar á meðal súrnun sjávar. Aðgerðirnar eiga einnig að fylgja eftir ráðherryfirlýsingunni um haf og loftslagsmál frá árinu 2019. Samhliða þessu verða aðgerðir á menntamálasviði, „*Græn umskipti, loftslagsmál og sjálfbærni – sameiginlegar aðgerðir á sviði norðurslóðarannsókna*“, en þær munu einnig eiga þátt í að efla grundvöll fyrir rannsóknir á norðurhöfum og súrnun sjávar.

Starfshópur Norrænu ráðherranefndarinnar um hafið og strandsvæði (NHK) getur þess að á síðustu árum hafa birst fjölmargar niðurstöður rannsókna á þessu sviði en nú sé þörf á að lesa úr þeim framtíðarhorfur hafsins á Norðurlöndum. Varðandi súrnun sjávar og áhrif hennar á strandbyggðir og fiskveiðar þá styður starfshópurinn um hafið og strandsvæði verkefni um þörlungarækt en talið er að þörlungarækt verði



ekki eins illa fyrir barðinu á súrnun en geti skapað atvinnu. Í framkvæmdaáætlun Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 eru einnig ráðgerðar aðgerðir í bláum atvinnugreinum.

Með hliðsjón af fyrri aðgerðum, yfirstandandi aðgerðum og aðgerðum sem ráðgerðar eru á þessu sviði telur ráðherranefndin sig hafa orðið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin tekur áhugasöm við svari Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndinni er kunnugt um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförunum árum í tengslum við súrnun sjávar og telur þær einmitt skapa góðan grundvöll fyrir frekari aðgerðum og aukinni norrænni samvinnu varðandi súrnun sjávar og félags- og efnahagslegar afleiðingar hennar.

Nefndin lýsir mikilli ánægju með þau mörgu verkefni sem til stendur að ráðast í á næstu árum. Til að mynda þykir nefndinni áhugavert að fyrirhuguð sé aðgerð til að efla norrænan þekkingu sem grundvöll fyrir hafstjórnun sem er aðlöguð loftslagsbreytingum.

Vinnuhópur ráðherranefndarinnar um hafið og strandsvæði bendir á að fyrir liggi miklar rannsóknir á sviðinu sem birtar hafa verið á undanförunum árum og að nú sé fremur þörf á að athuga hvaða ályktanir megi draga um framtíð norrænna hafsvæða. Að mati nefndarinnar myndi sameiginleg og markviss langtímaáætlun varðandi súrnun sjávar njóta góðs af þeim rannsóknum sem vísað er til. Einnig gæti aðgerðaáætlun notið góðs af reynslunni af t.a.m. verkefninu um þörungæræktun.

Nefndin færir svarið til bókar og bíður pólitísku samráðs.

Norðurlöndum, 28. júní 2021

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Ingalill Olsen (A)

Ketil Kjenseth (V)

Magnus Ek (C)

Simon Holmström (HI)

Saara-Sofia Sirén (samI)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Sofia Geisler (NGV)

Staffan Eklöf (SD)